

Umsagnaraðili:
Egill Þórðarson, lofskeytamaður,
stjórn Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins
og Agnar Jónsson, skipasmiður

15. apríl 2024.

154. löggjafarþing 2023-2024.
Þingskjal 120 - 120. mál.

Tillaga til þingsályktunar
um fjármögnun varðveislu, björgunar og endurgerðar skipa- og
bátaarfsins.

Umsögn:

"Fjármögnun varðveislu og endurgerðar skipa og báta á
Norðurlöndunum".

Í anda þess fyrirkomulags sem þróast hefur í Noregi og í Færeyjum, m.a. með þróun laga og reglugerða sem vitnað er til í þessu þingskjali, skiptir höfuð máli að komið verði á sameiginlegu átaki sjálfbóðaliða og hins opinbera um verndun, verndunarverðra skipa og báta.

Á vegum vernduarsjóðs starfi nefnd fagmanna í skipasmiðum, sjómennsku og sögu skipa sem meti hvort skip eða bátur, sem hæfir sjálfbóðaliðar vilja vernda, sé verndunarverður eður ei.

Sé skip eða bátur talið verndunar virði og að verndun svari kostnaði, verði hægt að gera samning um verndun, þannig að sjálfbóðaliðarnir leggi fram vinnu endurgjaldslaust og að verndunarsjóður veiti skilyrt framlag í hlutfalli við vinnuframlag sjálfbóðaliðanna.

Sjálfbóðaliðar leggi fram verkáætlun og haldi saman vinnutímum sínum sem metnir verði til fjár, verndunarsjóðurinn greiði vegna útlagðs kostnaðar í samræmi við framlagða vinnu og þarfir verksins.

Standi sjálfbóðaliðar ekki við skuldbindingar sínar um vinnuframlag, falla skuldbindingar verndunarsjóðsins um framlög niður.

Jafnframt þarf að vera til áætlun um rekstur skips eða báts, líkt og er um safnskipið Óðinn/TFRA sk.nr. 0159, sem aftur er komið á íslenska skipaskrá, er viðhaldið og siglt með fullt hæfæri, ef ekki er um hýsingu að ræða. Góð dæmi um hýsingu má nefna víkingaskipið Íslending í Njarðvíkum, vélbátinn Tý á Siglufirði, hákarlaskipið Ófeig á Reykjum og sandaskipið Pétursey í Skógum, svo dæmi séu tekin.

Rétt er að upplýsa að reynslan hefur sýnt, að það kostar um þrjú ársverk vélstjóra, lofskeytamanna og háseta, að viðbættum útlögðum kostnaði, að halda í við við tímans tönn og viðhalda safnskipinu Óðni, fyrir utan lögbundnar slíptökur a.m.k. 5. hvert ár.

Að geyma skip við bryggju eða óvarið á landi, án rekstrar og stöðugs viðhalds er hægfara, en örugg leið til förgunar eins og of mörg dæmi sanna.

Í stjórn Hollvinasamtaka varðskipsins Óðins sitja:
Vilbergur Magni Óskarsson, (skipherra) formaður,
Vigdís Hauksdóttir, varaformaður,
Ingólfur Kristmundsson, (yfirvélstjóri) gjalkeri,
Sigurbjörn Svavarsson, ritari,
Kristinn Halldórsson,
Hilmar Guðmundsson,
Sigurður Ásgrímsson.

Rekstrar- og haffærisnefnd, Hollvinasamtaka v/s Óðins:
Egill Þórðarson, (loftskeytamaður) formaður,
Vilbergur Magni Óskarsson, (skipherra),
Ingólfur Kristmundsson, (yfirvélstjóri),
Kristinn Halldórsson, (tæknistjóri).